



## **Leiðbeiningar um F-GAS á heimilum, húsbílum, sumarhúsum o.fl.**

1. F-gas er 3x þyngra en andrúmsloft og því ber að geyma gaskúta á vel loftræstum stöðum. Séu hylkin geymd í lokuðum skáp skal hafa nægilega loftræstingu bæði ofan til og við botn geymslu. Æskilegt er að geyma gaskúta utandyra í læstum þar til gerðum merktum skáp.
2. Inni í íbúðarhúsum, bílskúrum og sumarbústöðum má hafa allt að 11kg gaskút. Í geymslum fjölbýlishúsa má geyma 5 kg gaskúta með viðeigandi loftræstingu.
3. Slöngur frá gaskútum skulu ekki vera lengri en 1,5 m og vera af háþrýstigerð með viðeigandi slöngutengjum og þrýstijafnara.
4. Þar sem gashylki eða búnaður tengdur gashylki er innanhús er mjög mikilvægt að vera með gasskynjara staðsetta við gólf nálægt gasbúnaði og kútum. Gasskynjara er hægt að fá bæði 220 og 12 volt.
5. Mikilvægt er að gaskútar standi uppréttir á stöðugum fleti og að lokað sé fyrir þá eftir notkun hverju sinni.
6. Slöngubrotslöki er búnaður sem lokar fyrir gasstreymi ef t.d. Slanga gefur sig. Logavari er búnaður sem lokar fyrir gasstreymi ef logi slokknar af einhverjum ástæðum.
7. Í húsbílum og húsvögnum má hafa tvö 11 kg gashylki eitt í notkun og annað til vara. Æskilegt er að hafa rými þar sem gaskútar eru í notkun ólæst til þess að utanaðkomandi aðilar geti skrúfað fyrir gasið í neyð, að öðru leyti gilda ofangreindar reglur.



### **Límniðar sem sýna staðsetningu gaskúta**

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins (SHS) hefur útbúið bækling með leiðbeiningum hvar skal líma miða til að merkja staði þar sem gaskútar eru geymdir. Komi upp eldur er mikilvægt að slökkvilið og þeir sem að koma geti áttað sig á hættunni sem að gaskútum fylgir. Dreifing miðanna fer fram í samvinnu við bensínstöðvar og verslanir sem selja gas og búnað vegna þess. Unnt er að fá eins marga miða og þörf krefur.

